



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2018

Lagt fram í borgarráði
30. apríl 2019

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2018 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 12.342 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 17.797 m.kr. sem var 5.456 m.kr. eða 31% undir áætlun. Afkoma samstæðunnar var 15.686 m.kr. lægri árið 2018 heldur en hún var árið 2017.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4.726 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 4.074 m.kr. Niðurstaðan var því 652 m.kr. betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 5.181 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 4.671 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 509 m.kr. eða 11% betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 1.048 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.738 m.kr. og var niðurstaðan því um 2.690 m.kr. betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 5.773 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.812 m.kr. og niðurstaðan því 2.039 m.kr. lakari en áætlað var.

Helstu breytingar: Á árinu 2018 samþykktur grænn rammi Reykjavíkurborgar sem er settur fram í samræmi við alþjóðleg viðmið, svonefnd *Green Bond Principle*, með skírskotun í sjálfbærni viðmið Sameinuðu þjóðanna. Græni ramminn lýsir forsendum útgáfu grænna skuldabréfa Reykjavíkurborgar en þau fengu afar góðar viðtökur á innlendum skuldabréfamarkaði undir árslok 2018.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2018 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.


Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Efnisyfirlit

1.	Samstæða (Samantekinn reikningur)	3
1.1.	Rekstur samstæðu	3
1.2.	Efnahagur samstæðu	6
1.3.	Sjóðstreymi samstæðu	8
1.4.	Fjármálareglur sveitarfélaga	10
2.	A-hluti	14
2.1.	Rekstur A-hluta	14
2.2.	Efnahagur A-hluta	19
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta	21
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta	25
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring	28
2.4.2.	Aðgerðir fjármálaskrifstofu til að bæta fjárstýringu A-hluta	28
2.5.	Skattspor A-hluta	29
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	30
	Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu	34
	Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	35
	Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum	36
	Viðauki 5: Fjármálastjórn 2018	37



1. Samstæða (Samantekinn reikningur)

1.1. Rekstur samstæðu




Rekstrarniðurstaða samstæðu var 12,3 ma.kr. sem var 5,4 ma.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 17,5 ma.kr. en gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar við LsRb og vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 5,1 ma.kr.

Grunnrekstur samstæðunnar, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 43,8 ma.kr. í afgang sem var um 2,3 ma.kr. umfram áætlun.




Rekstrartekjur námu 180 ma.kr. og hafa aukist um 35% frá árinu 2014. Til samanburðar námu rekstrarútgjöld 153 ma.kr. og hafa aukist um 30% frá árinu 2014.

Rekstrarniðurstaða samstæðu árið 2018 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




Fjármagnsgjöld voru 6,3 ma.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir sem að hluta til má rekja til 7,5 ma.kr. gjaldfærslu vegna álafleiðu OR. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða voru 2,6 ma.kr. lægri en áætlað hafði verið þar sem dróg úr hækkingum á verði íbúða þegar leið á árið. Tekjuskattur reyndist 2,9 ma.kr. undir áætlun og rekja má til breytinga á frestuðum tekjuskatti hjá OR.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samstæðu árið 2018 (m.kr.)




Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 18,1 ma.kr., þar af námu vaxtagjöld og verðbætur 11,8 ma.kr. Álverð lækkaði um 18,4% á árinu sem leiddi til 7,5 ma.kr. lækkunar á innbyggðri álafleiðu í raforkusölusamningum. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 11,8 ma.kr.

Matsbreyting fjárfestingaeigna



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir.


Álafleiða OR og gengismunur OR




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir. Í ár nam gjaldfærsla vegna álafleiðunnar 7,5 ma.kr. en á síðasta ári var um 12,5 ma.kr. tekjufærsla að ræða. Gengismunur í ár var mjög lítill eða 10 m.kr. tekjufærsla samanborið við 2,6 ma.kr. gjaldfærslu 2017.

1.2. Efnahagur samstæðu

Efnahagur samstæðu (m.kr.)	31.12.2018	31.12.2017	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	143.857	128.456	15.401	12,0%
Veitukerfi	294.238	269.194	25.044	9,3%
Fjárfestinga eignir	83.203	77.265	5.937	7,7%
Götur	16.584	14.030	2.554	18,2%
Aðrir fastafjármunir	17.979	16.540	1.439	8,7%
Langtímakröfur	17.425	14.694	2.731	18,6%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	10.885	10.659	226	2,1%
Veltufjármunir án handb.fjár	31.428	33.995	-2.567	-7,6%
Handbært fé	25.976	17.903	8.074	45,1%
Eignir samtals	641.574	582.734	58.840	10,1%
Eigið fé	317.187	285.428	31.760	11,1%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.325	34.217	2.108	6,2%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.535	2.220	315	14,2%
Aðrar skuldbindingar	13.992	11.576	2.416	20,9%
Langtímalán	207.268	192.358	14.909	7,8%
Leiguskuldir	10.706	11.166	-460	-4,1%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	19.681	16.776	2.904	17,3%
Aðrar langtímaskuldir	5.048	737	4.311	584,9%
Fyrirfram innborganir	1.834	1.220	614	50,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	26.999	27.036	-36	-0,1%
Skuldir og skuldbindingar samtals	324.387	297.306	27.081	9,1%
Skuldir og eigið fé samtals	641.574	582.734	58.840	10,1%






Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé. Hreinar vaxtaberandi skuldir eru að aukast á árinu 2017 einkum vegna 14,6 ma.kr. uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sem var skylt að greiða upp skv. lögum nr. 1/1997.


Langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú nema nú 10,9 ma.kr. og hækka um 226 m.kr. frá áramótum einkum þar sem Strætó greiddi upp sinn hluta við Brú á tímabilinu. Þessar langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 5,7 ma.kr. sem ekki bera vexti.

Aukning skulda og skuldbindinga OR nemur um 11,9 ma.kr., aukning skulda og skuldbindinga A-hluta nemur um 8,3 ma.kr. þar af 2 ma.kr. lífeyrisskuldbindinga og hjá Félagsbústöðum er aukningin um 3,6 ma.kr. Lækkun álverðs um 18,4% á árinu hefur mikil áhrif á skuldir og skuldbindingar OR og hefur álafleiðan snúist úr 2,2 ma.kr. eign í 5,3 ma.kr. skuld eða viðsnúningur upp á 7,5 ma.kr. eins og fram kemur í fjármagnslið rekstrarreiknings OR.


1.3. Sjóðstreymi samstæðu




Handbært fé hækkaði á árinu um 8,1 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum námu 33 ma.kr. og var mætt með veltufé frá rekstri sem nam 39,6 ma.kr. Lántaka ársins nam 31,2 ma.kr. og afborganir lána námu 24,4 ma.kr.




Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf samstæðunnar kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta samstæðunnar til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri. Myndin sýnir að samstæðan hefur á þessu ári aukið fjárhagslegan styrk sinn til að standa undir þessum skuldbindingum.




1.4. Fjármálareglur sveitarfélaga



Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið

Skv 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: *Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.*

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í samstæðu Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í jafnvægisviðmiði borgarinnar.



Skuldaregla og skuldaviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: *Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í*

reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í samstæðu Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í skuldaviðmiði borgarinnar.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár¹.

Samstæða	2014	2015	2016	2017	2018
Eiginfjárlutfall	43,1%	42,6%	45,8%	48,9%	49,4%
Arðsemi eigin fjár	5,8%	-2,3%	11,8%	11,4%	4,3%
Veltufjárlutfall	0,93	0,94	1,13	1,10	1,12
Langtímaskuldir/eigið fé	104,2%	98,1%	84,5%	71,5%	70,3%
Uppgreiðslutími	9	8	7	7	6
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum*	92%	97%	85%	85%	91%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	20%	22%	22%	19%	22%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	22%	14%	24%	23%	24%

* Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum miðast við samstæðuna án Orkuveitu Reykjavíkur

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarafgangur samstæðu nam 12,3 ma.kr. Nokkrir liðir sem hafa töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðuna eru um margt sérstakir. Þar má nefna að söluhagnaður eigna og tekjur af sölu byggingaréttar, sem falla til í eitt skipti, námu 3,5 ma.kr., tekjur vegna matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða námu 3 ma.kr. er reiknaður liður sem innleysist aðeins við sölu eigna félagsins, gjaldfærsla vegna vegna breytinga á álverði í raforkusölusamningum hjá OR (álafleiðan) sem einnig er reiknaður liður nam 7,5 ma.kr. Tekjuskattur sem einnig er reiknaður liður að hluta til, er í þessu uppgjöri 1,4 ma.kr. tekjur. Ef horft er á rekstrarniðurstöðu samstæðu að frá dregnum þessum liðum var hún jákvæð um 12 ma.kr.
- Rekstrarafgangur A-hluta nam 4,7 ma.kr. Þessi niðurstaða var studd af tekjum af sölu byggingaréttar og söluhagnaði eigna sem námu 3,5 ma.kr.
- Merki eru orðin sýnilegri um að farið er að hægja á hagvexti sem birtist í þróun fasteignaverðs á árinu og í minni hækkun matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða sem námu 3 ma.kr. en áætlaðar voru 5,6 ma.kr.
- Gjaldfærsla vegna álafleiðu OR nam um 7,5 ma.kr. Þetta er mjög sveiflukenndur liður sem hefur mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar.
- Ríkissjóður hefur innborgað fyrirfram til A-hluta rúma 1,6 ma.kr. vegna fjárfestinga þriðja aðila þ.e. Hrafnistu vegna uppbyggingar á hjúkrunarheimili á Sléttuvegi. Ekki liggur fyrir nákvæm tímaáætlun um hvenær þessi fjármunir koma til útgreiðslu en það fer eftir framvindu verkefnisins.








Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Mikilvægt er rekstur A-hluta skili verulegu veltufé frá rekstri til að standa undir fjármögnun A-hluta borgarsjóðs og að ríflegur afgangur verði af rekstri A-hluta. Hlutfall veltufjár frá rekstri á móti tekjum 9,9%.
- Á árinu 2018 voru 22 borgarreknir grunnskólar með samtals 526 m.kr. í halla og 24 borgarreknir leikskólar með samtals 163 m.kr. halla. Í greinargerð með árshlutauppgjöri Reykjavíkurborgar janúar til september var lagt til að fjármálaskrifstofu yrði falið að koma með greiningu og aðgerðaráætlun um umbætur í rekstri á grundvelli ráðgjafar ytri ráðgjafa sem falið verði að rýna reksturinn í þessum skólum og koma með tillögum til úrbóta í rekstri sbr. ákvæði 3.4. í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. Nýverið hefur borgarráð þess í stað samþykkt að koma á fót starfshópi fjármálaskrifstofu og skóla- og frístundasviðs til að rýna aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar.
- Halli á rekstri málaflökks vegna fatlaðs fólks nam 2.807 m.kr. eða 36% af tekjum vegna málaflökksins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármálaskrifstofu með ársreikningi 2018.
- Á árinu 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, þar á meðal um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Löggin fólu í sér auknar kröfur til sveitarfélaga án þess að því fylgdi viðbótarfjármagn, sjá nánar umsögn Reykjavíkurborgar með málinu á vef alþingis: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-195.pdf>.

¹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.


- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 256 m.kr. árið 2018. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugastaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármálaskrifstofu með ársreikningi 2018.
- Mikilvægt er að styrkja tekjugrunn Félagsbústaða sem er forsenda þess að félagið geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og fjármagnað sig á markaði. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á enn frekari hækkun tekna til að tryggja sjálfbærni félagsins. Þar sem tekjur félagsins eru verðtryggðar hefur verðbólga umfram áætlun jákvæð áhrif á sjóðstreymi Félagsbústaða. Stækkun eignasafnsins m.v. fjárfestingaráætlun kallar á 4% hækkun leiguverðs umfram verðlag á árinu 2019, til að tryggja jafnvægi í sjóðstreymi árin 2018 og 2019 m.v. að verðbólguforsendur fjárhagsáætlunar standist. Þess ber að geta að leiguverð á markaði er almennt um 40-65% hærra en hjá Félagsbústöðum.
- Mikilvægt er að Félagsbústaðir rýni viðhaldsþörf til næstu fimm ára og geri áfangaskipta viðhaldsáætlun til að tryggja gæði íbúða félagsins.
- Framlegð OR (EBITDA / rekstrartekjur) er 62,3% en var 60,4% árið 2017 (en án uppgjörs við Brú hefði það numið um 62,9% árið 2017). OR glímir enn við afborgunarþunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Lán OR sem hafa eigendaábyrgð nema um 94,7 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 88,6 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útlæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá árinu 2019 til 2025 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur áætlað uppsafnað nettó útlæði erlends gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 17,6 makr.
- Fjármálaskrifstofa telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækja í B-hluta til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðslufæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag, og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóttast.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4,7 ma.kr. sem var 0,7 ma.kr. betri niðurstaða en áætlað var. Rekstrarniðurstaðan án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð nam 9,8 ma.kr. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar vegna LsRb nam 4,7 ma.kr og var 298 m.kr lægri en áætlað var. Gjaldfærsla lífeyrisskuldur vegna uppgjors við Brú Ísj. nam 338 m.kr. eða 50 m.kr. undir áætlun.

Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2018	Áætlun	Frávik	%	Raun 2017	Breyting	%
Staðgreiðsla	81.301	81.200	101	0,1%	75.594	5.707	7,5%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-9.855	-9.842	-12	0,1%	-9.163	-692	7,5%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.830	2.444	386	15,8%	2.275	555	24,4%
Nettó útsvar	74.276	73.802	475	0,6%	68.707	5.570	8,1%
Fasteignaskattar	16.799	17.068	-269	-1,6%	15.016	1.783	11,9%
Lóðarleiga	1.526	1.492	34	2,3%	1.358	168	12,4%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	59	0	59		-60	0	
Fasteignaskattar samtals	18.384	18.561	-176	-1,0%	16.315	1.951	12,0%
Skatttekjur samtals	92.661	92.362	298	0,3%	85.021	7.521	8,8%
Framlög Jöfnunarsjóðs	7.383	7.296	87	1,2%	7.218	165	2,3%
Þjónustutekjur	10.612	9.936	676	6,8%	9.735	877	9,0%
Eignatekjur	19.582	19.477	105	0,5%	18.636	946	5,1%
Sala byggingaréttar	3.548	4.103	-554	-13,5%	6.925	-3.377	-48,8%
Söluhagnaður eigna	54	832	-778	-93,5%	1.142	-1.088	-95,3%
Endurgreiðslur annarra	4.170	3.150	1.020	32,4%	3.725	445	11,9%
Aðrar tekjur	6.741	5.927	814	13,7%	6.867	-127	-1,8%
Millivíðskipti tekin út	-24.959	-23.214	-1.745	7,5%	-23.459	-1.501	6,4%
Rekstrartekjur samtals	119.792	119.869	-77	-0,1%	115.811	5.362	4,6%
Laun og launatengd gjöld án gjaldfærslu v. uppgjors við Brú Ísj.	-62.841	-62.944	103	-0,2%	-57.313	-5.528	9,6%
Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við Brú Ísj.	-338	-388	50	-12,9%	-3.772	3.434	n/a
Laun og launatengd gjöld	-63.179	-63.332	153	-0,2%	-61.085	-2.094	3,4%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-4.706	-5.004	298	-6,0%	-7.002	2.296	-32,8%
Launakostnaður samtals	-67.885	-68.336	451	-0,7%	-68.087	202	-0,3%
Annar rekstrarkostnaður	-41.803	-41.972	169	-0,4%	-38.534	-3.269	8,5%
Afskriftir	-4.923	-4.890	-34	0,7%	-4.664	-260	5,6%
Rekstrargjöld samtals	-114.611	-115.197	586	-0,5%	-111.285	-3.326	3,0%
Fjármagnsliðir	-455	-597	142	-23,8%	445	-900	-202,3%
EBITDA	10.104	9.561	543	5,7%	9.190	914	9,9%
EBIT	5.181	4.671	509	10,9%	4.527	654	14,4%
Rekstrarniðurstaða	4.726	4.074	652	16,0%	4.971	-246	-4,9%

Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 10,1 ma.kr. í afgang sem var um 0,5 ma.kr. yfir áætlun.

Tekjur: Skatttekjur voru 92,7 ma.kr. eða 298 m.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 101 m.kr. yfir áætlun en tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 386 m.kr. yfir áætlun sem skýrist að mestu af uppgjöri frá Fjárslu ríkisins á útsvari vegna tekjuársins 2017. **Fasteignaskattar**² voru 18,4 ma.kr. eða 176 m.kr. undir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 87 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra**³ voru 1.020 m.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 714 m.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 306 m.kr yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 3.548 m.kr. og var 554 m.kr. undir áætlun sem skýrist af frestun á 1.291 m.kr. tekjufærslu vegna sölu á lóðarréttindum og byggingarrétti á lóð Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi þar sem afhending lóða hefur ekki farið fram, auk 650 m.kr. varúðarniðurfærslu vegna óvissu um þróun efnahagsmála næstu misseri. Varúðarniðurfærsla og frestun á tekjufærslu nemur alls 1.941 m.kr.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld án gjaldfærslu vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð námu 62,8 ma.kr. og voru um 103 m.kr. innan fjárheimilda. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 4,7 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 5,0 ma.kr. gjaldfærslu. Frávikið má m.a. rekja til þess að fjárhæð lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðnum voru lægri á árinu en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir. Launaþróun, verðbólga og ávöxtun eigna lífeyrissjóðsins var hins vegar í takt við áætlun. Gjaldfærsla áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna uppgjors við **Brú lífeyrissjóð** nam 338 m.kr. sem var 50 m.kr. undir áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** nam 41,8 ma.kr. og var um 169 m.kr. innan fjárheimilda.⁴




Rekstrarniðurstaða A-hluta um 0,7 ma.kr. betri en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Einkum vegna hærri skatttekna og hærri endurgreiðslna frá ríki og öðrum sveitarfélögum. Á móti kom að sala byggingarréttar og söluhagnaður eigna var lægri en áætlað var.

² Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að frádregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.


³ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁴ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árs hlutareikningi Reykjavíkurborgar 2018.

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2018 og frávik frá upprunalegri áætlun (m.kr.)



Ef horft er á upprunalega áætlun felast helstu breytingar einkum í auknum skatttekjum auk þess sem sala byggingarréttar sem reyndust nokkru hærri en reiknað var með.




Árið 2011 var málaflokkur fatlaðs fólks fluttur frá ríki yfir til sveitarfélaga sem skýrir um helming tekjuaukningarinnar það ár. Útvarsprósenta hækkaði úr 14,40% í 14,48% á miðju ári 2011 auk þess nokkuð dró úr atvinnuleysi það ár. Árið 2014 hækkaði útvarsprósenta í 14,52%.

*Árin 2010-2012 var bílastæðasjóður partur af B-hluta, hér er hann því lagður við A-hlutann en milliviðskipti vegna hans eru ekki dregin frá þau ár en um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

Sveiflukenndir liðir


Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum og geta verið neikvæðar, það á við þegar ekkert verður af framkvæmdum og samið hefur verið um að borgin taki aftur við áður úthlutuðum lóðum.

Í myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 10 ár. Eins og sjá má eru árin 2017 og 2018 einstök hvað varðar tekjur af sölu byggingaréttar. Myndin sýnir tekjur af sölu byggingaréttar árið 2018 að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu og frestun á tekjufærslu sem samtals námu 1.941 m.kr., sjá nánar í umfangllun um tekjur á bls. 15.



Aðalsjóður og Eignasjóður

Síðustu ár hefur rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs verið neikvæð einkum vegna lífeyrisskuldbindinga á meðan rekstur Eignasjóðs hefur verið jákvæður og þar hafa eignatekjur skipt miklu máli.



Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða 2018	Áætlun 2018	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum
Framlög til B-hluta	3.107	3.106	1	0,0%	3%
Íþrótt- og tómstundasvið	7.672	7.847	-175	-2,2%	8%
Menningar- og ferðamálasvið	4.848	4.879	-31	-0,6%	5%
Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu	3.643	3.794	-151	-4,0%	4%
Skóla- og frístundasvið	49.455	49.628	-173	-0,3%	53%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	6.855	7.308	-453	-6,2%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	21.197	21.157	39	0,2%	23%
Velferðarsvið, bundnir liðir	3.171	3.280	-109	-3,3%	3%
Sameiginlegur kostnaður *	3.162	3.589	-428	-11,9%	3%

* án lífeyrisskuldbindinga við LsRb og Brú Isj.


Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 1.479 m.kr. innan fjárheimilda en Velferðarsvið án bundinna liða var yfir 39 m.kr. fjárheimildum. Í síðari hluta töfunnar má sjá hversu hátt hlutfall af skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málaflokka. Nettó útgjöld til þeirra námu 103.109 m.kr. en skatttekjurnar námu 92.661 m.kr.


Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðanna og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2017, sjá nánar í greinargerð fagsviða.

Aðalsjóður fagsvið	Eining	Raun 2018	Upprunaleg áætlun 2018	Esk áætlun 2018	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2017	Mism. milli ára	%
Íþrótt- og tómstundasvið	ITR	7.672	7.739	7.847	-175	-2,2%	7.327	345	4,7%
Menningar- og ferðamálasvið	MOF	4.848	4.785	4.879	-31	-0,6%	4.560	287	6,3%
Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu	RHS	3.643	3.539	3.794	-151	-4,0%	3.166	476	15,0%
Skóla- og frístundasvið	SFS	49.455	48.013	49.628	-173	-0,3%	46.274	3.181	6,9%
Umhverfis- og skipulagssvið	USKRK	6.855	7.180	7.308	-453	-6,2%	5.812	1.042	17,9%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	21.196	20.267	21.157	39	0,2%	19.192	2.004	10,4%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	3.171	2.950	3.280	-109	-3,3%	2.773	398	14,3%
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	8.206	11.018	8.981	-775	-8,6%	13.698	-5.492	-40,1%
Samtals		105.045	105.491	106.873	-1.829	-1,7%	102.802	2.242	2,2%

2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	31.12.2018	31.12.2017	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	118.626	103.868	14.758	14,2%
Götur	15.975	13.463	2.512	18,7%
Áhöld og tæki	4.890	4.287	603	14,1%
Leigueignir	5.791	6.432	-641	-10,0%
Langtímakröfur	24.520	22.458	2.062	9,2%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	10.002	10.489	-486	-4,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	14.610	17.091	-2.481	-14,5%
Handbært fé	10.040	7.220	2.821	39,1%
Eignir samtals	204.456	185.307	19.149	10,3%
Eigið fé	96.308	85.480	10.828	12,7%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	35.642	33.609	2.033	6,1%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.507	2.195	312	14,2%
Langtímalán	41.690	35.892	5.798	16,2%
Leiguskuldir	10.706	11.166	-460	-4,1%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	2.478	2.516	-38	-1,5%
Ríkissjóður, fyrirfram innbogað vegna fjárfestinga	1.650	1.200	450	37,5%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	13.474	13.249	225	1,7%
Skuldir og skuldbindingar samtals	108.148	99.827	8.320	8,3%
Skuldir og eigið fé samtals	204.456	185.307	19.149	10,3%





Hér má sjá þróun hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi⁵ skulda A-hluta frá árinu 2014. Á árinu **2015** jukust lífeyrisskuldbindingar við **LsRb um 14,6 ma.kr. vegna nýrra tryggingafræðilegra forsendna**. Hreinar vaxtaberandi skuldir voru að aukast á árinu **2017** einkum vegna **14,6 ma.kr. uppgjörs við Brú lífeyrissjóð** sem var skylt að greiða upp skv. lögum nr. 1/1997 en langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú nema nú 10 ma.kr. koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Ennfremur er um að ræða kröfur vegna sölu á byggingarrétti að fjárhæð 5,7 ma.kr. sem ekki bera vexti.


Aukning skulda og skuldbindinga A-hluta nemur um 8,3 ma.kr, þar af 5,8 ma.kr. vegna langtímaskulda og 2 ma.kr. vegna lífeyrisskuldbindinga.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta 2018							
Í m.kr.	Staðan 1.1.2018	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtímaskulda	Staðan 31.12.2018
Lífeyrisskuldbinding	35.804		-2.361		4.706		38.149
Langtímaskuldir	37.380	6.593	-1.818	1.013			43.167
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	204		-65	5			145
Leiguskuldbindingar	11.990		-834	407			11.563
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	0					210	210
Viðskiptaskuldir	4.507					132	4.639
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	421					131	551
Fyrirframgr. (frá ríki v. Séttuvegar)	1.200					450	1.650
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	5.787					877	6.665
Aðrar skammtímaskuldir	2.535					-1.126	1.409
	99.827	6.593	-5.077	1.424	4.706	675	108.148


⁵ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjárumunum.

2.3. Sjóðstreymi A-hluta




Handbært fé frá áramótum til ársloka hækkaði um 2,8 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum námu 12,5 ma.kr. og var mætt með veltufé frá rekstri sem nam 11,8 ma.kr. Lántaka ársins nam 6,6 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 4,1 m.kr. Afborganir lána námu 2,7 ma.kr.





Ljóst var árið 2015 að veltufé frá rekstri var orðið óviðunandi. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2016-2020 voru sett fram nokkur markmið til að ná aftur fyrri fjárhagslegum styrkleika, m.a. var markmiðið að koma hlutfalli veltufjár frá rekstri af tekjum í a.m.k. 9% á árinu 2018. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2018-2022 var sett fram markmið um að hlutfallið yrði umfram 9-10% á meðan þensla væri á vinnu- og fasteignamarkaði.

Veltufé frá rekstri og brúttó fjárfestingar, % af tekjum



Greiðslugeta A-hluta gagnvart afborgunum lána og lífeyrissjóðframlagi













Fjármögnun A-hluta og greiðslugetu gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjum. Á árunum 2017-2018 hafa fjárfestingar verið auknar mikið eftir langt aðhaldstímabil árunum á undan. Myndin sýnir að þrátt fyrir miklar fjárfestingartekjur og aukið veltufé frá rekstri hefur borgarsjóður þurft að fjármagna að hluta fjárfestingar með lántökum.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:⁶


A-hluti	2014	2015	2016	2017	2018
Eiginfjárhlutfall	57,6%	47,8%	47,7%	46,1%	47,1%
Arðsemi eigin fjár	-3,3%	-15,6%	3,6%	6,5%	5,5%
Veltufjárhlutfall	1,31	1,18	1,57	1,27	1,23
Langtímaskuldir/eigið fé	43,1%	54,0%	53,2%	55,1%	54,4%
Uppgreiðslutími	9	8	4	5	5
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	65%	71%	63%	60%	66%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	5%	6%	11%	8%	10%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	1%	-10%	7%	8%	8%

⁶ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 455 m.kr. á árinu sem er 142 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 3.549 m.kr. sem er 162 m.kr. umfram áætlun fyrir árið 2018. Betri niðurstaða skýrist einna helst af því að arðgreiðslutekjur voru 98 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir, verðbótatekjur vegna lána til B-hluta voru 51 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir og að endingu voru tekur af ábyrgðargjaldi 38 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.


Fjármunagjöld A-hluta fóru aðeins fram úr áætlun en þau voru 4.005 m.kr. í stað 3.985 m.kr. í áætlun. Skýrist það af hærri fjármagnstekjuskatti en áætlanir gerðu ráð fyrir.




Handbært fé A-hluta í lok árs 2018 var 9.830 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 2.829 m.kr. í lok árs. Handbært fé óx yfir árið en lækkaði á seinasta ársfjórðungi frá þriðja ársfjórðungi og er það í takti við hefðbundna árssveiflu.



Ávöxtun á handbært fé var í samræmi við áætlun fyrir árið 2018 og var 399 m.kr. samanborið við 400 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði 5,26% ávöxtun á árinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.




Virk fjárstýring leiddi til ávöxtunar á handbært fé í samræmi við áætlanir. Fjárstýringardeild ávaxtar öllu lausu fé í takti við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma fyrir sig og velur ávöxtunarleið í takti við það og þau kjör sem bjóðast með því er reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta.




Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar nam 6.597 m.kr. á árinu 2018 en af því voru 4.100 m.kr. gefin út í nýjum grænum skuldabréfaflokki. Samhliða ársreikningi borgarinnar er gefin út skýrsla um árangur grænna fjárfestingar (Green Bond Impact Report 2018). Í henni kemur fram umhverfislegur árangur þeirra verkefna sem fjármögnuð voru með grænum skuldabréfum. Í skýrslunni er einnig staðfesting ytri endurskoðenda borgarinnar um að ráðstöfun þeirra fjármuna sem fengust í í útboði grænna skuldabréfa hafi verið í samræmi við Grænan ramma Reykjavíkurborgar.



Langtímalán A-hluta samanstanda að mestu að verðtryggða skuldabréfaflokkinum RVK 53 1 en hann er um 67% af langtímalánum A-hluta í lok árs 2018.



Greiðslur af langtímalánum A-hluta námu samtals 3.472 m.kr. á árinu 2018 en sjá má skiptingu milli afborganna og vaxta hér að ofan. Myndin sýnir jafnframt framtíðargreiðsluferil núverandi langtímalána á áætluðu verðlagi hvers árs út frá forsendum fjárhagsáætlunar 2018-2022.



Virkir vextir verðtryggðra langtímalána A-hluta lækkuðu talsvert á árinu 2018, en virkir vextir óverðtryggðra lána stóðu í stað þar sem engin útgáfa átti sér stað í óverðtryggðu á árinu. Lækkun virkra verðtryggðra vaxta nam 0,59% á árinu 2018 eða úr 3,69% í 3,10%. Skýrist það einna helst af vel heppnuðu útboði „grænna“ skuldabréfa, í RVKG 48 1 nýjum grænum skuldabréfaflokki, í desember 2018 en skuldabréfin voru seld á kröfunni 2,40% sem er með því lægsta sem fengist hefur í útboðum Reykjavíkurborgar. Ávöxtunarkrafan lækkaði einnig í útboðum á RVK 32 1 og var um 2,50% í útboðum ársins.



eru bæði verðtryggð til 15 ára og bera 4,25% og 3,05% vexti. Greitt er af lánunum ársfjórðungslega. Bæði lánin voru afborgunarlaus fyrstu 5 árin og eru afborganir af seinna láninu hófust á árinu 2018. Eftirstöðvar lánanna voru samtals 10.898 m.kr. í lok árs 2018.

2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn hefur verið metinn á bilinu 400 til 450 m.kr. á tímabili fjárhagsáætlunar fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 6 milljarðar í lok árs 2018. Yfirdráttarheimildir voru nýttar á árinu 2018 til að tryggja virka lausafjárstýringu.


2.4.2. Aðgerðir fjármálaskrifstofu til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármálaskrifstofa hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:

1. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í mars 2015 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í mars 2035. Tilgangurinn með þessari aðgerð var að draga úr verðbólguáhættu og vægi verðtryggðra skulda hjá A-hluta (borgarsjóði), en einnig til að auka sveigjanleika í fjármögnun og stytta í meðallíftíma skulda þar sem mikill meirihluti skulda var með lokagjalddaga í desember 2053. Engin skuldabréf í þessum skuldabréfaflokki voru gefin út á árinu 2018.
2. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjárjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Kaup í lausafjárjóðum námu 1.670 m.kr. á árinu 2018.
3. Fjármálaskrifstofa fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika stytta meðallíftíma lána og auka valmöguleika fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Skuldabréf fyrir að nafnvirði 2.520 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2018.
4. Í september 2018 hóf fjármálaskrifstofa undirbúningsvinnu við útgáfu grænna skuldabréfa. Sú vinna fól í sér að fjármálaskrifstofa í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og Circular Solutions ehf. bjó til grænan skuldabréfaramma (Green Bond Framework) sem tilgreinir hvernig umhverfisvæn verkefni eru valin og fjármögnuð með útgáfu grænna skuldabréfa. Í desember voru svo gefin út fyrstu grænu skuldabréfin á íslenskum markaði af Reykjavíkurborg, en þau voru 30 ára verðtryggð jafngreiðslulán, og voru kjörin á þeim þau bestu sem borgin hefur fengið á löng skuldabréf eða 2,40%.

2.5. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 7.489 m.kr. og hækkuðu um 1.098 m.kr. samanborið við árið 2017.



Stærsti liður var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur sem nam 4.582 m.kr. en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýtt voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Hann hækkaði um 1.155 m.kr. samanborið við síðasta ár sem að miklu leyti má rekja til meiri framkvæmda á vegum Eignasjóðs. Annar stærsti liðurinn var tryggingargjald af launum sem nam 3.899 m.kr. og hækkaði um 298 m.kr. milli ára. Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 1.392 m.kr. og hækkaði um 205 m.kr. milli ára. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárförf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærra en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrækum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum. Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum

undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhluftall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

(m.kr.)	A-hluti	Aftvaki	Faxafloðahafnir	Félagsbústaðir	Maibikunar- stöðin Höfði	Íþrótt- og sýningahöllin	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Stræto	Samtæða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	93,539%	60,80%	61,60%	60,30%	-
Rekstrarkjör	119.792	0	3.967	4.028			45.916	2.928	4.171	8.318	179.968
Rekstrargjöld	114.611	0	2.890	2.213			27.570	2.859	3.643	8.393	152.860
Afskriftir	4.923	0	699	7			10.271	76	211	277	16.662
Fjármagnslíðir	-455	0	24	-2.374			-13.753	16	14	-48	-18.103
EBIT	5.181	0	1.077	1.816			18.346	69	528	-75	27.108
EBITDA	10.104	0	1.776	1.823			28.617	145	739	202	43.770
Hagnaður (- tap)	4.726	0	1.725	2.384	96	-79	5.978	85	542	-123	12.342
Fastafjármunir	179.805	2	12.902	83.331	661	2.574	313.624	2.079	3.217	2.859	584.170
Veltufjármunir	24.650	9	3.186	362	964	403	26.465	676	1.415	760	57.404
Heildareignir	204.456	11	16.088	83.693	1.625	2.977	340.089	2.754	4.632	3.619	641.574
Skammtímaskuldur	20.109	0	713	2.504	159	80	27.141	425	582	848	51.049
Langtímaskuldur	52.396	0	646	37.535	0	2.051	138.625	216	188	998	223.021
Skuldbindingar	35.642	0	0	0	49	151	13.496	0	349	0	50.317
Heildarskuldir	108.148	0	1.359	41.052	208	2.282	179.262	642	1.119	1.845	324.387
Eigið fé 1/1	85.480	11	13.310	40.256	1.334	668	143.871	2.027	2.621	1.896	285.428
Eigið fé 31/12	96.308	11	14.728	42.641	1.417	695	160.827	2.113	3.513	1.773	317.187
Skuldur og eigið fé	204.456	11	16.088	83.693	1.625	2.977	340.089	2.754	4.632	3.619	641.574
Handbært fé frá rekstri	12.327	0	1.717	654	68	103	21.054	90	773	-765	34.322
Fjárfestingahreyfingar	-13.557	0	-36	-4.056	-117	-20	-12.284	-76	-1.174	-825	-31.853
Ný langtímalán og stofnframlög	6.593	0	0	3.686	0	0	20.562	0	0	1.000	31.583
Greiddar afborganir	-2.717	0	-96	-641	0	-36	-22.073	-11	-93	-36	-24.425
Framlag v. lífeyrisskuldbindningar	-2.361	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-2.643
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	0	0	350	0	0
Greiddur arður	0	0	-307	0	-13	0	-1.250	0	0	0	-156
Staða á handbænu fé 31/12	10.040	0	2.632	15	306	373	10.989	498	825	299	25.976
Veltufé frá rekstri	11.828	0	1.799	619	187	74	24.337	169	753	183	39.603
Eiginfjárhluftfall	47,1%		91,6%	50,9%	87,2%	23,3%	47,3%	76,7%	75,8%	49,0%	49,4%
Arðsemi eigin fjár	5,5%		13,0%	5,9%	7,2%	-11,8%	3,9%	4,2%	20,7%	-6,5%	4,3%
Veltufjárhluftfall	1,23		4,47	0,14	6,05	5,03	1,0	1,59	2,43	0,90	1,12
Langtímaskuldir/eigið fé	54,4%		4,4%	90,4%	0,0%	295,3%		10,2%	5,4%	56,3%	70,3%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				1,51			4,0%				
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)				0,98							
Uppgreiðslutími	4,64		0,36	61,70	6,42	27,81	6,42	1,35	0,36	5,54	6,13
Veltufé frá rekstri/rekstrarkjörum	9,9%		45,4%	15,4%	9,4%	19,0%	53,0%	5,8%	18,0%	2,2%	22,0%
Framlegð/rekstrarkjör	8,4%		44,8%	45,3%	9,8%	35,9%	62,3%	4,9%	17,7%	2,4%	24,3%

Skýringar

Eiginfjárhluftfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tappol).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárhluftfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inna af hendi skuldgreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldir / eigið fé Langtímaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjármí. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjármí.) Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslíði á móti afborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (ár) Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og samstæðu

Lánveitendur	(í m.kr.)	A-hluti	Samstæðan
ABSEK			2.094
Akranesbær - víkjandi lán			644
Borgarbyggð - víkjandi lán			109
CEB			13.055
Depfa ACS Bank			12.480
Dexia			4.219
EIB			36.409
Ergo kaupleiga			76
EURO HYPO			3.198
Faxaflóahafnir	145		0
Fjárfestastjóðurinn ÍSH			2.089
Íbúðalánastjóður			27.924
Íslandsbanki			7.130
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga	156		981
Landsbankinn			10.551
Lánastjóður sveitafélaga			8.583
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			3.745
Lykill kaupleigusamningur			35
NIB			8.594
Skuldabréfaútgáfa OR			37.848
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			2.579
Skuldabréfaútgáfa RVK 19 1	248		248
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01	29.018		29.018
Skuldabréfaútgáfa RVK 96 1	804		804
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1	3.847		3.847
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1	4.982		4.982
Skuldabréfaútgáfa RVKN 48 1 (Græn skbr.)	4.104		4.104
Stofnframlög			630
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	8		8
VR lífeyrisskuld			738
Lántaka samstæðu:		43.312	226.722
Leiguskuldir		11.563	11.563
Lántaka og leiguskuldir samstæðu		54.874	238.284

Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 10.597 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 7.790 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 2.807 m.kr. eða 217 m.kr. undir áætlun.

Málefni fatlaðs fólks árið 2018			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		5.720	5.610
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		103	76
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		43	47
Útvarstekjur 0,25% RVK		1.400	1.398
Þjónustutekjur		372	68
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		153	108
Tekjur alls		7.790	7.308
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		6.611	6.057
Húsaleiga		314	292
Annar rekstrarkostnaður		353	827
NPA þjónusta		398	397
Þjónustugjöld (samningar)		2.358	2.185
Stjórnunarkostnaður		53	62
Lengd viðvera ÍTR		142	141
Lengd viðvera SFS		368	370
Gjöld alls		10.597	10.332
Niðurstaða		-2.807	-3.025

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2018 voru hjúkrunarheimilin rekin með 256 m.kr. halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008-2018.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 02008-2018 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
Samtals	1.686	967	2.652

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 1.224 m.kr. eða 33 m.kr. undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 951 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 273 m.kr.

Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 87 m.kr. meira en áætlað var og greiðir 12 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Hlud. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	4.311	4.306	5	0,1%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	5.543	5.536	7	0,1%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	9.855	9.842	12	0,1%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	5.748	5.610	137	2,4%
Framlag vegna sérskóla	1.293	1.322	-28	-2,2%
Framlag vegna tónlistarskóla	280	265	15	5,5%
Annað	62	99	-36	-36,8%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	7.383	7.296	87	1,2%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-2.472	-2.547	75	-2,9%

Viðauki 5: Fjármálastjórn 2018

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsáskvarðanir borgarráðs og borgarstjórnar á tímabilinu janúar-desember 2018

1. Tillaga um útgáfuáætlun í skuldabréfaflokkum borgarsjóðs á fyrri hluta árs 2018 samþykkt í borgarráði 18.1.2018
2. Tillaga um ábyrgð sviðsstjóra á innleiðing kynjaðrar fjárhagsáætlunar samþykkt í borgarráði 18.1.2018
3. Tillögur matsnefndar vegna umsókna um stofnframlag frá Reykjavíkurborg til fjárfestinga í almennum leiguíbúðum í Reykjavík samþykktar í borgarráði 18.1.2018
4. Tillaga um gjaldskrá SHS samþykkt í borgarráði 18.1.2018
5. Lagt fram mánaðaruppgjör A-hluta jan-nóv 2017 í borgarráði 1.1.2018
6. Tillaga um að veita Strætó bs veð í útsvarstekjum borgarsjóðs vegna lántöku hjá LS vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð samþykkt í borgarstjórn 20.2.2018.
7. Tillaga um hæfilegt ábyrgðargjald OR á árinu 2018. Samþykkt í borgarráði 22.2.2018
8. Tillaga um uppgreiðslu eigendaláns hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Samþykkt í borgarráði 22.2.2018
9. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna fjárfestinga á íþróttasvæðis Fylkis samþykkt í borgarstjórn 6.3.2018.
10. Tillaga um stýrihóp innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar samþykkt í borgarráði 22.3.2018
11. Tillaga um eftirlit með viðskiptum tengdra aðila. Samþykkt í borgarráði 22.3.2018
12. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna innleiðingar á þjónustustefnu samþykkt í borgarstjórn 10.4.2018
13. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna launaþróunartryggingar ofl. samþykkt í borgarstjórn 8.5.2018.
14. Tillaga að eigendastefnu Félagsbústaða samþykkt í borgarstjórn 8.5.2018
15. Lagt fram ábyrgða- og skuldbindingayfirlit Reykjavíkurborgar. Samþykkt í borgarstjórn 8.5.2018
16. Ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar afgreiddur í borgarstjórn 15.5.2018.
17. Tillaga um endurskoðun samninga um viðskiptavakt með skuldabréfaflokkum borgarsjóðs samþykkt í borgarráði 17.5.2018
18. Tillaga að viljayfirlýsingu um möguleg kaup á hluta FB í Hafnarhúsi vegna NTM samþykkt í borgarráði 17.5.2018
19. Tillaga um útgáfuáætlun skuldabréfa borgarsjóðs seinni hluta árs 2018 samþykkt í borgarráði 17.5.2018
20. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2018 um 552 m.kr. vegna aðgerða í leikskólalámum, innleiðingar frístundastefnu, SÍ, NPA og vegna fjárfestinga 242 m.kr. samþykkt í borgarstjórn 5.6.2018.
21. Lagt fram mánaðarlegt uppgjör A-hluta jan-mars 2018 (þriggja mánaða uppgjör). Samþykkt í borgarráði 24.5.2018
22. Tillaga stjórnar OR til eigenda um arðsemiskröfu starfsþátta Orkuveitu Reykjavíkur samþykkt í borgarráði 31.5.2018
23. Tillaga að viðauka við fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar vegna kaupa á húsnæði við Arnarbakka og Völvufell samþykkt í borgarráði í umboði borgarstjórnar 28.6.2018
24. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna kjarasamninga ofl. samþykkt í borgarráði í umboði borgarstjórnar 6.7.2018
25. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna endurskoðunar á tekjuáætlun A-hluta og fjárfestingaráætlunar samþykkt í borgarráði í umboði borgarstjórnar 16.8.2018
26. Tillaga um samþykkt tilboða í skuldabréfaútboði samþykkt í borgarráði 16.8.2018
27. Tillaga að rammaúthlutun vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2019 samþykkt í borgarráði 23.8.2018
28. Tillaga um flutning afgang og halla frá árinu 2017 samþykkt í borgarráði 23.8.2018
29. Tillaga um útgáfu í skuldabréfaflokknum RVK 32 1 í tengslum við aðalmiðlarasamninga samþykkt í borgarráði 23.8.2018
30. Lagt fram árshlutauppgjör A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar jan-jún 2018. Samþykkt í borgarráði 30.8.2018
31. Tillaga um samþykkt tilboða í skuldabréfaútboði samþykkt í borgarráði 13.9 2018
32. Tillaga um aukinn stuðning við Félagsbústaði til að unnt sé að standa við áætlun um uppbyggingu félagslegra íbúða samþykkt í borgarráði 20.9 2018
33. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 vegna flutnings á afgangi og halla, endurskoðunar á tekjuáætlun ofl. Borgarráð vísaði 11.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 16.10.2018.
34. Tillaga um samþykkt tilboða í 460 m.kr. á 2,52% kröfu í skuldabréfaútboði. Borgarráð 11.10.2018

35. Tillaga um heimild fjármálastjóra til útboðs á fjármálaþjónustu vegna færsluhirðingar og boðgreiðsluþjónustu. Borgarráð samþykkti 11.10.2018
36. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna flutnings á afgangi og halla árið 2018. Borgarráð 11.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 16.10.2018
37. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna endurskoðunar á útsvarstekjum. Borgarráð 11.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 16.10.2018
38. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna kjarasamninga, fjölgunar borgarfulltrúa, innri leigu, rafrænnar þjónustumiðstöðvar ofl. Borgarráð 11.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 16.10.2018
39. Tillaga um að veita Félagsbústöðum ábyrgð borgarsjóðs á lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Umsögn FMS. Borgarráð vísaði 25.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
40. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun vegna uppgjors húsnæðisstuðnings við öryrkja og fjárheimilda vegna lífeyrisauka ASÍ starfsmanna 2018. Borgarráð vísaði 25.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
41. Tillaga að viðauka við fjárfestingaráætlun 2018 vegna fjárfestinga og aukinnar sölu byggingarréttar. Borgarráð vísaði 25.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
42. Frumvarp að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar 2019 ásamt greinargerðum. Borgarráð vísaði 31.10.2018. Borgarstjórn samþykkti 4.12.2018
43. Frumvarp að fimm ára áætlun 2019-2023 ásamt greinargerðum. Borgarstjórn samþykkti 4.12.2018
44. Tillaga að gjaldskrá árið 2019. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
45. Tillaga um álagningarhlutfall útsvars 2019. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
46. Tillaga um álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu 2019. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
47. Tillaga um fyrirkomulag afsláttá til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2019. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
48. Tillaga um gjalddagaskiptingu fasteignaskatta og lóðarleigu 2019. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
49. Tillaga um lántökur vegna framkvæmda á árinu 2019. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
50. Tillaga um að veita Sorpu ábyrgð borgarsjóðs á lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
51. Tillaga um staðfestingu á ádrætti OR á lán frá EIB. Borgarstjórn samþykkti 6.11.2018
52. Lagt fram mánaðarlegt uppgjör A-hluta jan -ágúst 2018. Borgarráð 8.11.2018
53. Tillaga um áskorun á ríkisstjórn að afnema fjármagnstekjuskatts á sveitarfélögin. Borgarráð samþykkti 8.11.2018
54. Tillaga um veitingu ábyrgða og Ábyrgðarsjóð. Borgarráð 15.11.2018
55. Tillaga um að hefja undirbúning útgáfu Grænna skuldabréfa. Borgarráð samþykkti 15.11.2018
56. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun vegna stofnframlags til Sorpu. Borgarstjórn samþykkti 20.11.2018
57. Tillaga um að stofna nýjan grænan skuldabréfaflokk. Borgarráð samþykkti 22.11.2018
58. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2018; fjárfestingaáætlun. Borgarráð 29.11.2018. Borgarstjórn samþykkti 4.12.2018
59. Lagt fram níu mánaða uppgjör A-hluta og samstæðu 2018 ásamt geinargerð. Borgarráð samþykkti 29.11.2018
60. Kynning á sviðsmyndagreiðningu í tengslum við frumvarp að fimm ára áætlun 2019-2023. Borgarráð 29.11.2018
61. Tillaga að endurskoðun reglna um fjárstýringu í tengslum við útgáfu grænna skuldabréfa. Borgarráð samþykkti 29.11.2018
62. Tillaga að Grænum Ramma Reykjavíkurborgar. Borgarráð samþykkti 29.11.2018
63. Tillaga að breytingum á frumvarpi að fimm ára áætlun. Borgarstjórn samþykkti 4.12.2018
64. Tillaga að breytingum á frumvarpi að fjárhagsáætlun. Borgarstjórn samþykkti 4.12.2018
65. Tillaga að gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Borgarráð 29.11.2018
66. Tillaga að staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Brúar lífeyrissjóðs um endurgreiðslu á framlögum í jafnvægis-, lífeyrisauka, og varúðarsjóði A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna Droplaugarstaða og Seljahliðar, þ.e. aðila sem að meirihluta eru fjármagnaðir af ríkissjóði. Borgarráð 29.11.2018. Borgarstjórn samþykkti 4.12.2018
67. Tillaga um útgáfulýsingu, útgáfuskilmála og sölu grænna skuldabréfa. Borgarráð samþykkti 6.12.2018
68. Tillaga valnefndar um verkefni sem uppfylla grænan ramma. Borgarráð samþykkti 20.12.2018
69. Tillaga starfshóps um veitingu stofnframlaga Reykjavíkurborgar. Borgarráð samþykkti 20.12.2018